



Borgarbyggð
Pétur Már Sigurðsson
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 26.5.2025
Málsnúmer: 202504-0024
IAS

Efni: Stuttárbotnar - frístundabyggð, Húsafelli. Tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til erindis Borgarbyggðar, dagsett 10. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag fyrir frístunfabyggð í Stuttárbotnum, Húsafelli.

„Skipulagssvæðið afmarkast af Hvítá, Hálsasveitarvegi (518), deiliskipulagssvæði frístundabyggðar í Niðurskógi, deiliskipulagi flugvallar og vatnsaflsvirkjunar og deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Húsafelli. Skipulagssvæðið er um 102 ha, sjá afmörkun á forsiðu. Skipulagssvæðið hallar lítillega á móti suðvestri og einkennist af hrauni og birkikjarri að stórum hluta. Innan svæðisins eru Kaldá, Stuttá, Lambhúsaland og Kiðarárbotnar. Nokkrir aðkomuvegir eru inn á svæðið frá Hálsasveitarvegi og verslunar- og þjónustusvæðinu í Húsafelli. Skipulagssvæðið er að miklu leyti byggt og mótað enda er um að ræða það svæði þar sem uppbygging frístundabyggðar hófst upp úr 1960. Á skipulagssvæðinu eru þegar um 150 frístundahús, golfvöllur, tjaldsvæði, flugskýli, íbúðarhús, smávirkjanir o.fl.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Deiliskipulagssvæðið er allt á nútímahrauni, Geitlandshrauni, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Jafnframt er svæðið vaxið birki sem mögulega nýtur sérstakrar verndar samkvæmt sömu grein náttúruverndarlaga. Í lögunum kemur fram að foraðst ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Þá er svæðið á náttúruminjasrá (Húsafell, svæði 206) og hverfisverndað.

Skipulagssvæðið er að miklu leyti byggt en uppbygging frístundabyggðarinnar hófst upp úr 1960 og nú eru um 150 frístundahús á svæðinu. Á nokkrum lóðum hefur ekki verið byggt og á þeim flestum er þétt birkikjarr á nútímahrauni. Að mati Náttúrufræðistofnunar liggur ekki fyrir hvaða brýna nauðsyn það er sem réttlætir frekara rask á þessu svæði og því ætti ekki að leyfa byggingar nýrra sumarhúsa á óröskuðum lóðum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur